



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Fjölskyldusvið

Mnr. 1905198

## Minnisblað um launað starfsnám í leik- og grunnskólum

Viðamkið og gott samstarf skóla, ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífsins hefur verið um að fjölga kennurum hér á landi og viðurkenna mikilvægi kennarastarfsins. Það á m.a. að gera með því efla starfsnám kennaranema og bjóða þeim sem eru á lokaári launað starfsnám og námsstyrki. Liður í því er að fjölga kennurum sem hafa sérþekkingu á leiðsögn við kennaranema og nýútskrifaða kennara. Á næstu vikum og mánuðum verður unnið að frekari skoðun og úfærslu hér í Árborg að höfðu samráði við skólastjórnendur leik- og grunnskóla en í stuttu máli gengur þessi breyting út á eftirfarandi:

- Kennaranemi er ráðinn í ½ stöðu (13 kest. í grunnskóla) að lágmarki við leik- og/eða grunnskóla sem metin er til 30 ECTS eininga. Hann stundar bóklegt nám samhliða sem leiðir til fullgilda kennsluréttinda.
- Kennaranemi á rétt á leiðsögn reynds kennara í að lágmarki 6 klst. á mánuði.
- Starf við leiðsögn skal aldrei vera minna en 20% starfshlutfall og er alltaf tímabundið til eins skólaárs í senn.
- Skólastjóri velur leiðsagnarkennara.
- Skilyrði er að leiðsagnarkennari hafi a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og leyfisbréf til kennslu í grunnskóla og/eða leikskóla.
- Hver leiðsagnarkennari getur tekið að sér nokkra kennaranema.
- Skólastjórnandi í samvinnu við háskóla ber ábyrgð á skipulagi starfsnáms á vettvangi og vinnuramma kennaranema.
- Skólastjórnandi í umboði sveitarfélags gerir ráðningarsamning við kennaranema.
- Skólastjórnandi gætir þess við skipulagningu skólastarfs að kennaranemi geti sinnt námi sínu og lokaverkefni samhliða starfi.
- Sveitarfélög vinna með háskólum að því að útvega kennaranemum launað starfsnám.
- Leiðbeinendur kennaranema í lokaverkefnum leggja áherslu á hagnýta tengingu þeirra við starf á vettvangi.
- Kennaranemi skrifar undir ráðningarsamning og ber ábyrgð og sinnir skyldum til jafns við þá sem starfa sem kennarar.

Frekari upplýsingar er að finna í upplýsingabréfum og kynningarrefni mennta- og menningarmálaráðherra og hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. <https://www.samband.is/frettir/skolamal/nr/3910>

Selfossi, 13. júní 2019

Þorsteinn Hjartarson  
sviðsstjóri